

Nd.

226. Frumvarp

til laga um skemtanaskatt.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

Bæjarstjórnnum og sveitarstjórnnum skal heimilt að leggja skatt til bæjar-
eða sveitarsjóðs á skemtanir fyrir almenning, sem aðganga er seld að, svo
sem myndasýningar, dansskemtanir, söngskemtanir, leiksýningar o. s. frv.

Með reglugerð, sem bæjarstjórn eða sveitarstjórn semur og dómsmála-
ráðherra staðfestir, má undanþiggja skattinum skemtanir, sem haldnar verða
í góðgerðaskyni eða í vísindalegum eða fræðandi tilgangi, svo og málverka-,
höggmynda- og dráttmyndasýningar, enda skeri dómsmálaráðherra úr, ef
ágreiningur verður um þetta efni.

2. gr.

Skattur sá, er í 1. gr. getur, má vera mismundi hár, eftir því hver skemtunin er, en aldrei má hann hærri vera en 20% af aðgöngueyri á skemtun hverja.

3. gr.

Í reglugerðum þeim, sem í 1. gr. segir, skal kveðið á um tilhögun skattsins, innheimtu og annað, sem þar að lýtur.

4. gr.

Brot gegn reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, verða sektum, allt að 1000 krónum, og skal fara með mál, er rísa út af þeim, sem opinber lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1918.